

SPOR Í SÖGU STÉTTAR

Andrés Ingi Jónsson og Oddný Helgadóttir

SPOR Í SÖGU STÉTTAR

Félag leikskólakennara 60 ára

Ritstjórn:

Ásmundur Örnólfsson, Hrafnhildur Sigurðardóttir,
Ingibjörg Margrét Gunnlaugsdóttir,
Ingibjörg Kristleifsdóttir

SKRUDDA
2010

Spor í sögu stéttar

© 2010 Andrés Ingi Jónsson og Oddný Helgadóttir

Hönnun og umbrot: Skrudda ehf.

Ljósmyndir: Sigfús Már Pétursson

Ljósmynd á kápu: Kristín Einarsdóttir

Prentun og bókband: Ísafoldarprentsmiðja ehf.

Útgefandi: Skrudda ehf.

www.skrudda.is

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun,
prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta
eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

ISBN 978-9979-655-63-3

EFNISYFIRLIT

Formáli höfunda	7
Formáli	9
Þróun menntunar leikskólakennara	13
Valborg Sigurðardóttir	17
<i>Björn Bjarnason: Menntunin flutt á háskólastig</i>	26
Margrét G. Schram	29
Jóhanna Einarsdóttir	37
<i>Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir: Börnin í öruggum höndum</i>	44
Arna Jónsdóttir	47
<i>Katrín Jakobsdóttir: Fallegt mannlíf</i>	53
Þessi er örugglega ekki meira en sextán	55
Starf félagsins í sextíu ár	61
Elín Torfadóttir	65
Hrafnhildur Sigurðardóttir	73
Guðrún Alda Harðardóttir	81
Björg Bjarnadóttir	87
Þröstur Brynjarsson	99
Lagarammi og kjarabarátta.	105
Lára Gunnarsdóttir	111
Svandís Skúladóttir	115
Margrét Pála Ólafsdóttir	123
Sesselja Hauksdóttir	133
Sigurhanna V. Sigurjónsdóttir	141
Breytt samfélagsgerð	145
Unnur Jónsdóttir	149
Ásmundur Örnólfsson	153
Sverrir Sverrisson	159
Halldóra Guðmundsdóttir	165
Ljósbrott úr mínum þrístrendingi	171
Sveinlaug Sigurðardóttir	177

Minningar	181
Bryndís Zoëga	183
Gyða Sigvaldadóttir	189
Ída Ingólfsdóttir	193
Ingibjörg Kristín Jónsdóttir	197
Selma Dóra Þorsteinsdóttir	201
Þórhildur Ólafsdóttir	205
Þórunn Einarsdóttir	211

FORMÁLI HÖFUNDA

Þegar stjórnendur Félags leikskólakennara báðu okkur að skrifa bók í tilefni sextugs-afmælis félagsins þurftum við ekki að hugsa okkur tvisvar um. Bæði vorum við meðvituð hversu mikilvægt framlag þessarar stéttar er, þótt við þekktum ekki vel til sögu félagsins áður en við hófumst handa. Fljótlega komumst við að raun um að leikskólakennarar hafa haft mikil og djúpstæð áhrif á þróun íslensks samfélags. Líklega hafa fáar stéttir lagt jafn mikið af mörkum til baráttu kvenna fyrir auknum rétt-

indum. Eins hefur starf leikskólakennara stuðlað að því að uppeldi barna er nálgast með allt öðrum hætti en áður og meiri áhersla er lögð á að börn séu sjálfstæðir, virkir og skapandi einstaklingar. Saga leikskólakennara veitir þannig merkilega inn-sýn í hversu margt hefur færst til betri vegar hér á landi á undanförunum áratugum, og tilefni til bjartsýni á erfiðum tímum.

Það er borin von að ætla sér að veita tæmandi yfirlit yfir langt og viðburðaríkt tímabil í sögu fjölmennrar stéttar í bók af



Þessu tagi. Við vonum þó að bókin veiti innsýn í þróun stéttarinnar, helstu baráttumál hennar og sigra. Þeir einstaklingar sem að þessari bók koma eru fulltrúar þeirra hundruða leikskólakennara sem starfa á leikskólum um land allt. Hún samanstendur af viðtölum við eða umfjöllun um fleiri en þrjátíu mættarstólpa úr stéttinni. Frásagnir þeirra fléttast saman og draga

upp margslungna mynd af sextíu ára sögu félagsins.

Leikskólakennarar hafa ávallt verið stolt stétt, þótt störf þeirra hafi ekki alltaf verið metin að verðleikum. Með þrotlausri baráttu hefur leikskólakennurum þó tekist að sýna fram á hversu mikilvæg störf þeirra eru. Þessi bók er enn einn vitnisburðurinn um það.

Andrés Ingi Jónsson og Oddný Helgadóttir

FORMÁLI

Hinn 6. febrúar 2010 eru sextíu ár liðin frá stofnun stéttarfélags leikskólakennara. Á tímamótum sem þessum er við hæfi að líta yfir farinn veg og minnst og gleðjast. Nú er áð á áningarstað þar sem fagstétt með sterka ímynd og hugmyndafræði í farteskínu hefur gert leikskóla að virtum menntastofnunum í samfélaginu. Leikskólakennarar hafa af eigin rammleik komist upp úr hjólförum lágra launa og hvergi slegið af metnaði fyrir blómlegu leikskólastarfi. Stéttin er meðvituð um gildi starfsgleði og hefur markvisst haft hana að leiðarljósi. Á aðalfundi 2008 var ályktað um að leita allra leiða til þess að vekja og viðhalda starfsgleði, jákvæðri ímynd og góðum starfsanda. Sú ályktun var gott veganesti inn í þá kreppu sem ríkir á afmælisárinu og mun fleyta stéttinni í gegnum þessa tíma enda enginn niðurskurður á sköpunarkrafti og

vilja þrátt fyrir tímabundnar efnahagslegar þrengingar í samfélaginu.

Eins og endranær er ekki til setunnar boðið á áningarstað. Við gleðjumst um stund og höldum svo ferðalaginu áfram. Fram undan eru spennandi tímar. Meðal annars verður Félag stjórnenda í leikskólum stofnað á árinu. Það er á valdi allra félagsmanna beggja félaga að nýta þá tilhögun til góðs fyrir stéttina og leikskólastarf í landinu. Hlaða þarf fleiri vörður fyrir framtíðina og mikilvægasta verkefnið er að fá fleiri í lið leikskólakennara. Sínum metnað í starfi og rannsóknum á því, stöndum vörð um menntun leikskólakennara og verum stolt af framlagi leikskólans til samfélagsins. Með því erum við hvatning til ungs fólks, sem er að skipuleggja framtíð sína, að slást í för.

Á fimmtíu ára afmæli félagsins gerði Davíð Ólafsson sögu þess mjög góð skil



Valborg Sigurðardóttir.



Margrét G. Schram.



Jóhanna Einarsdóttir.



Arna Jónsdóttir.



Hildur Skarphéðinsdóttir.



Elín Torfadóttir.



Hrafnhildur Sigurðardóttir.



Guðrún Alda Harðardóttir.



Björg Bjarnadóttir.



Pröstur Brynjarsson.



Lára Gunnarsdóttir.



Svandís Skúladóttir.

og bókaútgáfan Mál og mynd gaf hana út ásamt leikskólakennaratali árið 2000. Áratug síðar hefur stjórn félagsins aftur ákveðið að gefa út bók. Í þetta sinn er sjónum beint að þeim vörðum sem hafa verið hlaðnar og vísa veginn um ýmsa þætti, meðal annars lagaramma, kjaramál, menntun, samfélagsbreytingar og þróun félagsins. Leitað var til nokkurra mátarstólpa í stéttinni og þeir beðnir um að ljá ritinu rödd sína og líta yfir farinn veg. Þeir gera það með

stakri þrýði, þótt viðmælendur séu auðvitað færri en við hefðum viljað, enda hafa margir lagt sitt lóð á vogarskálarnar í sögu þessarar samheldnu stéttar. En ekki verður öllu komið fyrir í einu riti. Af sömu ástæðu var ákveðið að láta innra starf leikskóla, stefnur og strauma, bíða næsta tækifæris til útgáfu.

Valinkunnir félagsmenn voru beðnir að sitja í útgáfunefnd þessa rits. Ásmundur Örnólfsson, Ingibjörg Margrét Gunn-



Margrét Pála Gunnarsdóttir.



Sesselja Hauksdóttir.



Sigurhanna V. Sigurjónsdóttir.



Unnur Jónsdóttir.



Ásmundur Örnólfsson.



Sverrir Sverrisson.



Halldóra Guðmundsdóttir.



Sveinlaug Sigurðardóttir.

laugsdóttir og Hrafnhildur Sigurðardóttir þekktust boðið af stéttvísí og trúðmennsku og undirrituð leiddi þá vinnu. Hugmynda-gáttir voru opnaðar og verkefnið fór á fullan skrið á vordögum 2008.

Andrés Ingi Jónsson og Oddný Helga-dóttir, voru ráðin ritstjórar til verksins og hef-ur samstarfið við þau verið ánægjulegt. Þeim fannst verkefnið skemmtilegt og stéttin eign-aðist tvo aðdáendur til viðbótar. Texti bók-

arinnar gefur góða mynd af ferðalagi stéttar í sextú ár og ljósmyndir Sigfúsar Más Péturssonar af leikskólakennurum að störfum fanga andrúmsloft nútím-ans. Skólástjórum, kennurum og börnum eru færðar bestu



Kristín Dýrfjörð.



Útgáfunefnd afmælisritsins. F.v.: Hrafnhildur Sigurðardóttir, Ingibjörg Kristleifsdóttir, Ásmundur Örnólfsson og Ingibjörg Margrét Gunnlaugsdóttir.

þakkir fyrir að taka á móti ljósmyndaranum. Það er vel við hæfi að leikskólakennari tók kápumyndina en það var Kristín Einarsdóttir leikskólastjóri. Myndin var valin sem tákn um hlýju og staðfestu sem stenst tímans tönn. Viðmælendum í bókinni er þakkað fyrir þeirra framlag og gefandi samstarf, ritstjórum fyrir vel unnið verk og forsvarsmönnum bókaútgáfunnar Skruddu, sem gefa bókina út, fyrir að hafa trú á því og fylgja því eftir alla leið. Að lokum er Barna-

vinafélaginu Sumargjöf þakkað fyrir rausnarlegt hjárframlag. Með því sýnir félagið enn og aftur velvild og tryggð við stéttina sem á rætur sínar að rekja til starfsemi þess.

Hjartanlega til hamingju með sextíu ára afmælið með einlægri ósk um að lesendur njóti bókarinnar eins og einn nefndarmanna sem sagði eftir lestur handritsins: „Ég er enn stoltari en áður af því að vera leikskólakennari.“

Ingibjörg Kristleifsdóttir, varaformaður Félags leikskólakennara og formaður útgáfuféNDAR.

ÞRÓUN MENNTUNAR LEIKSKÓLAKENNARA

Saga stéttar leikskólakennara hér á landi hefur frá upphafi verið samofin menntun þeirra. Lengst af fóru allir menntaðir leikskólakennarar í gegnum sama skólann – hvort sem hann hét Uppeldisskóli Sumargjafar, Fóstruskóli Sumargjafar, Fóstruskóli Íslands eða Fósturskóli Íslands. Seinna bættist leikskólakennaraskor Háskólans á Akureyri við. Eldri skólinn rann inn í Kennaraháskóla Íslands, sem sameinaðist Háskóla Íslands og varð að menntavísindasviði þeirrar stofnunar.

Rætur Félags leikskólakennara liggja í Nemendasambandi Uppeldisskóla Sumargjafar, sem stofnað var af fyrstu tveimur árgöngum skólans. Þótt skólinn hafi oft flutt og nokkrum sinnum skipt um nafn á þeim rösku sex áratugum sem hann hefur starfað, myndar hann samfellu í menntun stéttar sem varla var til þegar hann var stofnaður. Valborg Sigurðardóttir var fyrsti skólastjóri skólans og gegndi því hlutverki í hartnær fjórutíu ár. Þannig lærðu margar kynslóðir leikskólakennara undir leiðsögn hennar. Bent hefur verið á að ein ástæðan

fyrir því hversu mikill samhugur hefur oftast ríkt í stéttinni sé líklega sú að lengst af hafi allir leikskólakennarar landsins útskrifast úr sama skóla. Til dæmis ríkti almenn sátt þegar uppeldisáætlun leit dagsins ljós hér á landi en í nágrannalöndunum, þar sem lengri hefð er fyrir menntun leikskólakennara og fleiri stofnanir sinna þeirri menntun, vöktu sambærileg plögg nokkrar deilur.

Barnavinafélagið Sumargjöf, sem rak dagheimili og leikskóla í Reykjavík frá árinu 1924 og allt fram til ársins 1973, stóð að stofnun Uppeldisskólans, sem Valborg veitti forstöðu. Það var gert að undirlagi Þórhildar Ólafsdóttur, sem var um miðbik tuttugustu aldarinnar ein af þremur menntuðum leikskólakennurum á dagheimilum Sumargjafar. Hinir voru Áslaug Sigurðardóttir og Ida Ingólfssdóttir – en Bryndís Zoëga, sem einnig var menntaður leikskólakennari, starfaði ekki hjá Sumargjöf á stofnárnum skólans. Allar þessar konur höfðu stundað nám erlendis. Vegna þess hve ört borgin stækkaði á þessum árum

jókst ásókn í dagvistunarpláss stöðugt og skortur á sérmenntuðu starfsfólki stóð rekstri dagheimila fyrir þrífum.

Í upphafi var fé til skólans naumt skammtað. Þetta kom meðal annars fram í því að ekki reyndist unnt að greiða Valborgu laun sumarið sem hún undirbjó fyrsta námsárið. Sumargjöf rak skólann þar til ríkið tók við rekstri hans árið 1973 en allan þann tíma var baráttan að tryggja rekstargrundvöll skólans. Ríkið og Reykjavíkurborg styrktu reksturinn en voru ekki sammála um hvernig best væri að reka skólann. Svo illa gekk fjármögnunin að árið 1952 var skólastjóranum sagt upp störfum og flest benti til þess að þessi nýstofnaði skóli myndi leggjast af fyrir fullt og allt. Tvö ár tók að snúa við ákvörðuninni um að leggja skólann niður og tryggja fé til rekstursins.

Fjárhagsörðugleikar urðu meðal annars til þess að skólinn hafði ekki tryggt húsnæði og var því oft fluttur fyrstu árin og áratuginna sem hann var rekinn. Frá stofnun skólans og til haustsins 1969, þegar hann fékk Lækjargötu 14 til umráða, hafði hann fengið inni á sex ólíkum stöðum. Valborg Sigurðardóttir segir fullnægjandi lausn á húsnæðismálum skólans í raun ekki hafa fundist fyrr en árið 1979, rúmum 30 árum eftir stofnun hans, þegar ríkið afhenti Fósturskóla Íslands hús við Leirulæk.

Segja má að stétt leikskólakennara hafi orðið til innan veggja skólans. Sjaldan eiga orðin „mennt er máttur“ jafnvel við og hér, þar sem upphaf stéttarfélags og stéttabar-

áttu, sem nú stendur á sextugu, má rekja til tveggja fyrstu árganga nemenda við Uppeldisskóla Sumargjafar. Þessar rætur stéttarinnar innan skólans hafa ef til vill átt sinn þátt í því að baráttan fyrir menntamálum hefur verið þrástef í stéttabaráttu leikskólakennara í gegnum árin. Þegar lög voru sett um Fósturskóla Íslands árið 1973, og ríkið tók við rekstri hans, hófst reiptog um hvaða menntunarkröfur ætti að gera til stéttarinnar. Á tímabili var þrýst á um að nám leikskólakennara yrði fært niður á framhaldsskólastig en hörð viðbrögð leikskólakennara komu í veg fyrir það og stefnan var sett upp á við.

Árið 1974 hóf Fósturskólinn að bjóða upp á stutt endurmenntunarnámskeið fyrir starfandi leikskólakennara, sem voru vel sótt af fróðleiksfúsu fólki. Þessi námskeið voru haldin óreglulega framan af þar sem misvel áraði til að skipuleggja þau. Kaflaskil urðu árið 1983 þegar framhaldsdeild Fósturskólans var sett á laggirnar. Þar var gengið skrefinu lengra en í endurmenntunarnámskeiðum og fljótt kom í ljós hversu mikil þörf var fyrir nám af þessu tagi. Með framhaldsdeildinni voru fyrstu skrefin stigin í átt að því að færa menntun leikskólakennara upp á háskólastig.

Um miðjan tíunda áratuginn setti Björn Bjarnason menntamálaráðherra vinnu af stað við að undirbúa stofnun uppeldisháskóla, sem myndi samanstanda af Kennaraháskólanum, Íþróttakennaraskólanum, Þroskaþjálfaskólanum og Fósturskólanum. Á sama tíma og sú vinna var í gangi ákvað

Háskólinn á Akureyri að setja á laggirnar leikskólakennaradeild, sem tók við fyrstu nemendunum haustið 1996. Alþingi samþykkti lög um Kennaraháskóla Íslands ári síðar og árið 1998 færðist Fósturskóli Íslands inn í Kennaraháskóla Íslands. Fyrstu leikskólakennararnir með B.Ed.-gráðu útskrifuðust þaðan vorið 1998.

Kennaraháskóli Íslands sameinaðist Háskóla Íslands árið 2008 og hefur leikskólakennaranám heyrð undir menntavísinda-

svið HÍ síðan þá. Samhliða sameiningunni var unnið að endurskipulagningu alls kennaranáms á landinu þannig að fimm ára háskólanám þyrfti til að fá réttindi til að kenna á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi. Aftur þurftu leikskólakennarar að láta til sín taka til að verða ekki settir skör neðar en aðrar sambærilegar stéttir, og enn bar sú barátta ávöxt. Haustið 2009 hófu fyrstu leikskólakennaranemarnir þetta fimm ára meistaranám á menntavísindasviði Háskóla Íslands.



VALBORG SIGURÐARDÓTTIR

Faglega þróun menntunar leikskólakennara á Íslandi, sem og rætur stéttarfélags þeirra, má rekja til þeirrar ákvörðunar Barnavinafélagsins Sumargjafar að koma á fót skóla til að mennta fólk til starfa á leikskólum. Valborg Sigurðardóttir var þar skólastjóri frá upphafi og hefur því gegnt lykilhlutverki í að mennta leikskólakennara um áratugaskeið.

„Ég var alveg undrandi þegar ég var beðin um að veita viðtal um stjórn og þróun Félags leikskólakennara í tilefni af 60 ára

afmæli félagsins. Ég hef aldrei verið í félaginu, enda ekki leikskólakennari. Hins vegar hafði félagið sýnt mér þann sóma að gera mig að heiðursfélaga þess árið 1992. Þykir mér að sjálfsögðu vænt um það,“ segir Valborg. „En þegar ég fór að hugsa nánar út í þessi mál gerði ég mér ljóst að öll mín starfsævi er samofin leikskólakennaramenntuninni og störfum leikskólakennara. Starfsár mín á þessu sviði urðu tæp 40 og ég brautskráði 900 fóstrur og leikskólakennara áður en yfir lauk.“

Háskólanám og heimsstyrjöld

Haustið 1945 þegar Valborg var að vinna að meistaraþrófsritgerð sinni í uppeldis- og sálarfræði við hinn virta kvenháskóla Smith College í Massachusetts barst henni bréf frá Þórhildi Ólafsdóttur, forstöðukonu við dagheimið og leikskólann Tjarnarborg.

„Hún skrifaði mér, ungum 23 ára gömlum stúdent, fyrir hönd Barnavinafélagsins Sumargjafar. Hún fór þess á leit við mig að ég tæki að mér að leggja grundvöll að nýjum skóla fyrir stúlkur sem mennta átti til að „vinna að og standa fyrir dagheimilum, leikskólum og öðrum barnaheimilum.“ Segist Þórhildur hafa rætt þessa hugmynd

við ráðandi menn hjá ríki og Reykjavíkurborg, sem hafi tekið því vel að veita fjárstyrk slíkum skóla.

Mér fannst þetta spennandi áskorun. En var ég, ung og reynslulaus, fær um að taka við slíkum skóla sem átti sér enga hefð í íslensku menntakerfi? Ég tók það ráð að ræða við prófessorinn minn í barnasálfræði og bera málið undir hann. Prófessorinn hvatti mig eindregið til að taka þessu boði, taldi þetta spennandi og skemmtilega áskorun. Við komum okkur saman um að ég þyrfti svo sem ekki að starfa þarna nema tvö til þrjú ár! Með það í huga skrifaði ég heim og tók þessu góða boði.“

Valborgu var ljóst að til þess að hún teldi sig færa um að hrinda þessu verki af stað með mastersgráðu sína í farteskinu þyrfti hún að kynna sér sjálf störfín á leikskólum og öðrum barnaheimilum – og vinna við þau.

„Ég ákvað því að fresta heimför minni fram á sumar. Ég átti kost á starfi á leikskóla í New York, þar sem ég gat unnið í hálfu starfi og nýtt síðan tímann til að kynna mér aðra leikskóla þar. Einkum skoðaði ég þær stofnanir sem störfuðu í anda þeirrar hugmyndafræði sem ég hafði tileinkað mér – *progressivisma* – eða framfarastefnuna eins og hún kallast á íslensku. Sú stefna er fyrst og fremst tengd við bandaríska heimspekinginn John Dewey, prófessor við Columbia-háskólann í New York. Einkunnarorð hans voru *learning by doing* – að læra í athöfn og verki, eða að læra á vettvangi. Meðal þessara framúrstefnuleikskóla var Bank Street-skólinn sem þá var í fararbroddi og er enn.“

Á þessum árum var mjög sjaldgæft að íslenskar konur stunduðu háskólanám – raunar mjög óalgengt að konur lykju stúdentsprófi. Valborg varð stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík vorið 1941. Það ár luku aðeins 22 stúlkur stúdentsprófi frá MR og þrjár stúlkur frá Menntaskólanum á Akureyri. Þessir tveir skólar voru þá einu menntaskólarnir í landinu. Valborg hafði mikinn áhuga á háskólanámi en fjárráð til þess nánast engin. Þetta var áratugum áður en námslánakerfinu var komið á og námsstyrkir næsta fatíðir. Eini styrkurinn sem stúdentar áttu kost á var *stóri styrkurinn*

svokallaði sem Menntamálaráð veitti til náms erlendis. Um fjóra styrki var að ræða – tvo fyrir stúdenta frá MR og tvo fyrir stúdenta frá MA. Eingöngu stúdentar með hæstu einkunnina á stúdentsprófi áttu von um þá – fyrst og fremst dúxarnir.

Valborg varð dúx ásamt einum bekkjarbræðra sinna í MR á stúdentsprófi um vorið og taldi því öruggt að hún fengi stóra styrkinn með stúdentsprófið góða upp á vasann. Hún ákvað að fara til Bandaríkjanna til náms í sálarfræði, sótti um styrkinn og bjó sig undir að fara utan um haustið. Hún beið óþreyjufull allt sumarið eftir svari frá Menntamálaráði og þorði varla úr bænum þar eð menn þurftu að fylgjast náið með ferðum skipa Eimskipafélagsins. Á styrjaldarárunum var skipaferðum haldið leyndum.

„Svo rann upp stóra stundin. Þær góðu fréttir komu loks í útvarpinu að í þetta sinn fengju tíu stúdentar styrkinn. Nöfn þeirra voru lesin upp – tíu karlmenn fengu styrkinn! Mér brá. Mér var hafnað – þótt ég hefði hæstu einkunnina af þeim öllum. Ástæðan sem gefin var upp var að ég væri *kona*, myndi giftast og aldrei koma heim til starfa. Svona var jafnréttið í reynd árið 1941! Þetta var auðvitað mikið áfall fyrir mig. Nú var að duga eða drepast. Ég tók það ráð að fara í Háskóla Íslands um haustið í forspjallsvísindi og tók cand.phil.-prófið um vorið. Einnig vann ég um tíma við skrifstofustörf – það leiðinlegasta sem ég gat hugsað mér.

Þó fór svo að mér bauðst styrkurinn næsta haust. Ráðinu snerist greinilega hugur,